

Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Kafli I.

Almenn ákvæði.

1.gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn önnur framlög til sveitarfélaga, samtaka og stofnana þeirra og til annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Skýring við 1. gr.: Greinin er samhljóða 1. gr. laganna. Frávik í lagatexta frá texta gildandi reglugerðar eru undirstrikuð.

2. gr.

Yfirstjórn sjóðsins.

Ráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu ráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun framlaga og samskipti við sveitarfélög og stofnanir eftir því sem við á. Ráðuneytið getur gert þjónustusamning við Fjársýsluna um verkefni sem ráðuneytinu eru falin í lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, svo sem að annast greiðslu framlaga, bókhald sjóðsins og aðra umsýslu. Um þóknun fyrir þjónustu sem ráðuneytið veitir sjóðnum fer samkvæmt þjónustusamningi. Ráðherra tekur endanlega ákvörðun um úthlutun framlaga með hliðsjón af tillögum ráðgjafarnefndar, sbr. 3. gr.

Við setningu reglugerða og vinnureglna um einstök framlög skal ráðherra eiga samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga eins og lög kveða á um.

Skýringar við 2. gr.:

1. 1. mgr. er efnislega samhljóða 20. gr. laganna en aðeins nánar útfærð m.t.t. samnings við Fjársýsluna um að annast ákveðna þætti starfseminnar f.h. ráðuneytisins.
2. Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði sem ætlað er að endurspegla samspil milli hlutverks ráðherra og ráðgjafarnefndar og einnig umsagnarhlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem víða er getið í lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til hliðsjónar er í 2. gr. gildandi rg. þetta ákvæði: „Ráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga skv. 6. gr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 3. gr.“
3. 4. mgr. 2. gr. gildandi reglugerðar um rekstrarkostnað jöfnunarsjóðs færist í 7. gr.

3.gr.

Ráðgjafarnefnd.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar ráðherra sjö manna ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til fjögurra ára. Sex nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Ráðgjafarnefnd gegnir því hlutverki að gera tillögur til ráðherra um framlög sjóðsins samkvæmt þeim reglum sem um þau gilda auk þess að vera til ráðgjafar um setningu reglugerða og vinnureglna sjóðsins og önnur framkvæmdaratriði sem nefndinni eru falin í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Ráðherra getur sett nefndinni starfsreglur.

Skýring við 3. gr.:

Vinnuskjal til birtingar í samráðsgátt– drög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 3.12.2025 með skýringum.

Ákvæði um ráðgjafarnefnd sveitarfélaga hefur verið í lögum um tekjustofna sveitarfélaga frá upphafi og gegnir nefndin því mikilvæga hlutverki að gera tillögur til ráðherra um framlög sjóðsins samkvæmt þeim reglum sem um þau gilda auk þess að vera til ráðgjafar um setningu reglugerða og vinnureglna sjóðsins. Rétt er að áréttast að ráðgjafarnefndin er eðli málsins samkvæmt einungis til ráðgjafar ráðherra, og í ljósi stjórnskipulegrar yfirstjórnar ráðherra yfir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 20. gr., er hann ekki bundinn af tillögum nefndarinnar.

Í 2. mgr. er leitast við að endurspegla almennt hlutverk ráðgjafarnefndar, umfram það eitt að gera tillögur um úthlutun framlaga en jafnframt er lagt til nýmæli um að ráðherra geti sett nefndinni starfsreglur.

**Kafli II.
Fjármögnun og rekstur.**

4. gr.

Tekjur.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,036% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og tryggingagjöldum. Þar af rennur fjárhæð er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum og tryggingagjöldum til málefna fatlaðs fólks. /Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega.
- b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
- c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:
 1. er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
 2. er nemur 1,44% til jöfnunar vegna málefna fatlaðs fólks.
- d. Framlög úr ríkissjóði eftir atvikum, sem ákveðin eru í fjárlögum ár hvert.
- e. Vaxtatekjur.

Skýring við 4. gr.: Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. laganna og að mestu efnislega samhljóða 4. gr. gildandi reglugerðar en hlutfallstölur í lögnum eru aðrar, auk þess sem d-liður er nýmæli í lögnum.

5.gr.

Eigið fé sjóðsins

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, að ákveða að eigið fé sjóðsins sé allt að 5% af árlegum tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 4. gr., sem verja skal til greiðslu jöfnunarframlaga, m.a. til að mæta því ef ráðstöfunarfé sjóðsins verður minna eða útgjöld verða meiri en áætlað var eða vegna annarra ófyrirséðra atvika.

Skýring við 5. gr.: Greinin er samhljóða 15. gr. laganna, sem er nýmæli.

Tillaga að nýrri grein

6. gr.

Ársreikningur og ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Ársreikning og ársskýrslu skal kynna á ársfundi Jöfnunarsjóðs sem haldinn er að hausti ár hvert.

Skýring við 6. gr.: 1.mgr. er samhljóða 21. gr. laganna.

Bætt er inn nýrri málsgrein sem er ætlað að endurspegla þá hefð að haldinn er ársfundur Jöfnunarsjóðs, í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Þessir fundir eru taldir hafa vægi til að

Vinnuskjal til birtingar í samráðsgátt– drög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 3.12.2025 með skýringum.

tryggja gott upplýsingastreymi frá sjóðnum og vera vettvangur til skoðanaskipta við sveitarstjórnarstigið og því sé tilefni til að festa þá í sessi í reglugerð.

Tillaga að nýrri grein

7.gr.

Kostnaður við rekstur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Kostnaður af rekstri sjóðsins, þar með talið kostnaður af störfum ráðgjafarnefndar sbr. 3. gr., greiðist af tekjum hans.

Skýring við 7. gr.: Ákvæði um kostnað við rekstur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ráðgjafarnefnd eru í gildandi reglugerð en það ætti að vera til nokkurrar einföldunar að hafa sérstaka grein um rekstrarkostnað í kafla um fjármál sjóðsins.

Kafli III.

Framlög úr Jöfnunarsjóði.

8. gr.

Ráðstöfun.

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

- a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 4. gr. laga nr. 56/2025.
- b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 5. gr. laga nr. 56/2025.
- c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 6.–9. gr. laga nr. 56/2025.
- d. Til greiðslu framlaga vegna reksturs grunnskóla skv. 10. gr. laga nr. 56/2025.
- e. Til greiðslu framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk skv. 11. gr. laga nr. 56/2025.
- f. Til greiðslu framlaga til sveitarfélaga skv. 13. gr. laga nr. 56/2025 og annarra framlaga sem Jöfnunarsjóði er með lögum þessum sérstaklega falið að úthluta til sveitarfélaga vegna sérstakra verkefna.

Nánari fyrirmæli um útreikning og ráðstöfun einstakra framlaga, annarra en bundinna framlaga og sérstakra framlaga vegna fjárhagserfiðleika eða sérstakra verkefna sem hafa almenna þýðingu, eru í reglugerðum um viðkomandi framlög.

Skýring við 8. gr.: Í 2. mgr. er lögð til sú nálgun að ganga út frá því að sérstök reglugerð verði gefin út fyrir hvert framlag, sem er í samræmi við 22. gr. laganna. Slík framsetning er nokkurt frávik frá gildandi reglugerð, þar sem ítarleg ákvæði eru um jöfnunarframlög, en felur í sér umtalsverða einföldun á reglugerðinni.

9.gr.

Bundin framlög.

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir í samræmi við greiðsluáætlun sem liggja skal fyrir í byrjun hvers árs:

- a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,479% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið og 1. tölul. 1. mgr. c-liðar 2. gr. laga nr. 56/2025. Framlög skulu greidd mánaðarlega.
- b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 1,379% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 2. gr. laga nr. 56/2025, sem skiptist jafnt á milli þeirra allra. Framlög skulu greidd mánaðarlega.
- c. Til að stranda straum af kostnaði vegna reksturs og skuldbindinga IHS skv. lögum um innheimtu meðlaga, sbr. d-lið 17. gr.
- d. Til Tryggingastofnunar ríkisins vegna eftirlaunasjóðs aldraðra samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra. Framlög skulu greidd í desember ár hvert.
- e. Til greiðslu framlaga sveitarfélaga í húsafriðunarsjóð samkvæmt lögum um menningarminjar. Framlög skulu greidd fyrir 1. maí ár hvert.

Vinnuskjal til birtingar í samráðsgátt– drög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 3.12.2025 með skýringum.

Jöfnunarsjóður getur kafið aðila, er njóta framlaga skv. a-e- lið 1. mgr., um að skila endurskoðuðum ársreikningi ásamt ársskýrslu til sjóðsins.

Skýringar við 9. gr.:

1. Greinin er að mestu samhljóða 4. gr. laganna en haldið er inni nánari útfærslu í 6. gr. gildandi reglugerðar, t.d. um greiðsluáætlun og greiðslufyrirkomulag (undirstrikað).
2. C-liður tekur orðalagsbreytingum með skírskotun til 1. gr. laga um innheimtu meðlaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.
3. Í gildandi reglugerð er gerð krafa um að stofnanir og samtök sem þiggja bundin framlög sendi jöfnunarsjóði endurskoðaðan ársreikning. Þetta þýkir ekki endurspegli verklag og 2. mgr. breytt í heimild fyrir sjóðinn til að krefja um ársskýrslu.

10. gr.

Sérstök framlög.

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Ráðherra setur nánari reglugerð á grundvelli a-liðar 1. mgr. 5. gr. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, m.a. um forsendur og útreikning framlaga, ásamt vinnureglum um úthlutun framlaga samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga með styrk eða láni, á grundvelli sveitarstjórnarlaga, og/eða greiðslu framlaga vegna ráðgjafar við fjárhagslega endurskipulagningu sveitarfélaga.
- c. Til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum þar sem hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004.
- d. Til greiðslu framlaga vegna skólaaksturs í dreifbýli, sbr. 12. gr.
- e. Til greiðslu framlaga vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. 13. gr.
- f. Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra, sbr. 11. gr.

Skýring við a-lið: Í gildi eru reglur nr. 782/2020 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, ásamt vinnureglum nr. 782/2020. Ekki er ástæða til að hafa í þessari reglugerð ítarlegan texta um inntak þessara stjórnvaldsfyrirmæla heldur nægir að vísa til þeirra.

Skýring við c-lið: Örlítið styttra en texti laganna en útfærsla er í sérstakri reglugerð.

Skýring við d-lið: Með því að taka vinnureglur inn í reglugerðina nægir að vísa hér til 12. gr.

Skýring við e-lið: Með því að taka vinnureglur inn í reglugerðina nægir að vísa hér til 13. gr.

Skýring við f-lið: Samhljóða e-lið 7. gr. gildandi rg.

IV. KAFLI

Nánar um einstök framlög.

11. gr.

Framlög til sérstakra verkefna.

Heimilt er að greiða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra, sbr. f-lið 10. gr. Umsóknir um framlög til sérstakra verkefna skal senda Jöfnunarsjóði. Ráðgjafarnefnd er heimilt að leita álits sérfræðinga á einstökum umsóknum. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til notagildis verkefnanna í almannabágu.

Þeir sem hljóta framlag samkvæmt þessari grein skulu skila skýrslu um framkvæmd verkefnis til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eigi síðar en einu ári eftir að framlagi var úthlutað. Ef sótt er um

Vinnuskjal til birtingar í samráðsgátt– drög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 3.12.2025 með skýringum.

áframhaldandi stuðning við verkefni, sem áður hefur hlotið framlag úr Jöfnunarsjóði, ber umsækjanda að láta fylgja umsókn áfangaskýrslu um stöðu verkefnisins.

Skýring við 11. gr.: Greinin er nánast óbreytt frá 12. gr. gildandi rg. en lagt er til að fella brott dagsetninguna 1. nóvember sem frest til að sækja um framlag, sem endurspeglar ekki framkvæmd hjá sjóðnum. Til greina kemur að setja vinnureglur um úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein, sbr. nýtt heimildarákvæði í 4. mgr.

12.gr.

Framlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Framlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli er sérstakt framlag, sbr. d-lið 5. gr. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem reiknast öllum sveitarfélögum sem uppfylla skilyrði skv. 3. mgr. Við útreikning framlagsins skal stuðst við skilgreiningu Hagstofu Íslands á dreifbýli og þéttbýli.

Í október ár hvert skal liggja fyrir áætlun um ráðstöfunarfjármagn til heildargreiðslu framlaga vegna skólaaksturs á næsta ári. Einnig skal liggja fyrir í október skipting ráðstöfunarfjármagns fyrir næsta ár á grundvelli a. og b. liðar 3. mgr.

Úthlutun framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli skal vera sem hér segir:

- a. Á grundvelli áætlanagerðar sem byggir á upplýsingum frá sveitarfélögum um akstursleiðir úr dreifbýli sveitarfélags og fjölda grunnskólabarna á hverri leið sem eiga heimili lengra en 3,0 km frá skóla, miðað við 1. október ár hvert. Útreikningur framlaga byggir á lengstu akstursvegalengd innan hvernar leiðar frá heimili að skóla. Vegalengdin er margfölduð með stuðli sem tekur mið af stærð ökutækis og fjölda barna á hverri leið (miðað við akstur fram og til baka) að teknu tilliti til fjölda skóladaga á viðkomandi skólaári samkvæmt upplýsingum frá mennta- og barnamálaráðuneyti.
- b. Á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum í lok hvers fjárhagsárs vegna íþyngjandi kostnaðar umfram framlög á grundvelli a.-liðar, að mati sveitarstjórnar, við akstur grunnskólabarna úr dreifbýli á árinu, sem eiga heimili lengra en 3,0 km. frá skóla. Ítarleg greinargerð sveitarfélags skal fylgja umsókn um viðbótarframlag. Umsókn skal hafa borist Jöfnunarsjóði eigi síðar en 15. desember fyrir almanaksárið.

Áætluð framlög á grundvelli a-liðar 3. mgr. koma til greiðslu mánaðarlega. Uppgjör fer fram í desember á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga. Framlög á grundvelli b-liðar 3. mgr. koma til greiðslu í einu lagi í desember.

Skýring við 12. gr.: Greinin er efnislega samhljóða gildandi vinnureglum jöfnunarsjóðs. Betur þykir fara á því að ákvæði um framlagið verði sérstök grein í reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og er ekki talin þörf á að setja jafnframt vinnureglur um framlagið.

13. gr.

Framlög vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli.

Framlag vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli er sérstakt framlag, sbr. e-lið 5. gr. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem reiknast öllum sveitarfélögum sem uppfylla skilyrði skv. 3. mgr. og sæta ekki lækkun eða niðurfellingu framlaga, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Við útreikning framlaga vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli skal stuðst við skilgreiningu Hagstofu Íslands á dreifbýli og þéttbýli.

Í október ár hvert skal liggja fyrir áætlun um ráðstöfunarfjármagn til heildargreiðslu framlaga vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli á næsta ári.

Vinnuskjal til birtingar í samráðsgátt– drög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 3.12.2025 með skýringum.

Úthlutun framlaga vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli fer fram á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum. Við útreikning framlaganna skal taka mið af akstursvegalengd, fjölda farþega og tíðni ferða. Út frá gögnum frá sveitarfélögum er reiknaður út árlegur kostnaður við hverja leið sem og kostnaður við hvern ekinn km. Til að gæta jafnræðis milli sveitarfélaga er sett hámark á kostnaðarþátttöku jöfnunarsjóðs fyrir hvern ekinn km og ræðst hámarkið af því heildarframlagi sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Í þeim tilvikum þar sem kostnaður við hvern ekinn km við tiltekna ferð er lægri en hámarkið segir til um er árlegur kostnaður við leiðina greiddur að fullu.

Framlög greiðast í einu lagi í desember ár hvert.

Skýring við 13. gr.: Í lögum nr. 56/2025 er gert ráð fyrir því að settar verði vinnureglur um framlag vegna akstursþjónustu úr dreifbýli, sbr. e-lið 5. gr. laganna. Betur þykir fara á því að ákvæði um framlagið verði sérstök grein í reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og er ekki talin þörf á að setja jafnframt vinnureglur um framlagið.

Kafli V.

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ofgreidd og vangreidd framlög.

Hafi úthlutað framlög til sveitarfélags verið hærri eða lægri en sveitarfélagið átti rétt á samkvæmt lögum þessum skal Jöfnunarsjóður hafa frumkvæði að leiðréttingu framlaga í allt að fjögur ár eftir að sveitarfélag fékk úthlutað hinu ranga framlagi eða þegar sveitarfélagið hefði átt að fá úthlutað því framlagi sem það átti rétt á.

Hafi sveitarfélag fengið ofgreidd framlög skv. 1. mgr. er Jöfnunarsjóði heimilt að halda eftir framlögum til viðkomandi sveitarfélags til að leiðrétta ofgreiðsluna.

Greiðslur á grundvelli þessa ákvæðis skulu ekki bera vexti.

Skýring við 14. gr.: Samhljóða 16. gr. laganna.

15. gr.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga um fatlanir og þroskaraskanir einstaklinga sem njóta þjónustu sveitarfélaga og þarfir nemenda sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda í grunnskólum sveitarfélaga, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Skýring við 15. gr.: Greinin er samhljóða 17. gr. laganna.

16. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum samkvæmt þessum lögum.

Skýring við 16. gr.: Greinin er nokkru styttri en efnislega samhljóða 15. gr. gildandi reglugerðar.

17. gr.

Sérstök tímabundin verkefni.

Vinnuskjal til birtingar í samráðsgátt– drög að reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 3.12.2025 með skýringum.

Framlögum úr ríkissjóði sem bætast við tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 2. gr. laga nr. 56/2025 er ráðstafað til verkefna samkvæmt ákvörðun á fjárlögum ár hvert og samningum milli ríkis og sveitarfélaga ef við á.

Tímabundin verkefni eru eftirfarandi:

- a. Framlög til tónlistarskóla á grundvelli bráðabirgðaákvæðis I við lög nr. 56/2025. Framlög eru greidd á grundvelli reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Jafnframt innheimtir jöfnunarsjóður kostnað vegna verkefna sem sveitarfélög fjármagna á grundvelli tímabundins samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga, í hlutfalli við íbúafjölda á því ári sem kostnaður er innheimtur.
- b. Framlög til sveitarfélaga sem bjóða öllum nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum, sbr. bráðabirgðaákvæði III við lög nr. 56/2025. Framlag skal skiptast hlutfallslega á milli sveitarfélaga eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan og greiðist mánaðarlega til sveitarfélaga frá gildistöku laganna til loka árs 2027, að undanskildum júlímánuði ár hvert. Ef ekki kemur til úthlutunar til sveitarfélags á grundvelli ákvæðisins skal reiknað framlag Jöfnunarsjóðs til viðkomandi sveitarfélags endurgreitt ríkissjóði.
Ákveði sveitarfélag að taka gjald fyrir skólamáltíðir á grundvelli 23. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, eftir að Jöfnunarsjóður hefur úthlutað framlagi til þess á grundvelli 1. og 2. mgr., skal sveitarfélagið endurgreiða Jöfnunarsjóði úthlutað framlag til þess fyrir það tímabil sem sveitarfélagið hefur tekið gjald fyrir skólamáltíðir og skal fjárhæðin renna í ríkissjóð. Sama á við ef sjálfstætt rekinn grunnskóli, sem gert hefur þjónustusamning við sveitarfélag á grundvelli 43. gr. a laga um grunnskóla, ákveður að taka gjald fyrir skólamáltíðir.
- c. Framlög til sveitarfélaga til að innleiða samþætta farsældarþjónustu í þágu farsældar barna, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 56/2025. Framlög til einstakra sveitarfélaga skv. 1. mgr. skulu ekki vera hærri en umframkostnaður sveitarfélagsins af framkvæmd laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, að frádregnum ávinningi sem sveitarfélagið fær af þeim. Nánar er kveðið á um úthlutun framlaga til sveitarfélaga í reglugerð sem mennta- og barnamálaráðherra setur.
- d. Jöfnunarsjóður stendur straum af kostnaði vegna reksturs og skuldbindinga IHS, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um innheimtu meðlaga nr. 54/1971, fram til þess að stofnunin verður lögð niður, sbr. bráðabirgðaákvæði III við þau lög.
- e. Önnur framlög sem ákveðin eru á fjárlögum ár hvert.

Skýring við 17. gr.: Greinin er nýmæli en markmið hennar er að sýna í einni grein það sem nefna mætti *Önnur verkefni Jöfnunarsjóðs*, þ.e. verkefni sem eru tímabundin/háð ákvörðun á fjárlögum, sbr. 13. gr. laga nr. 56/2025.

18. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 22. gr. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 56/2025 og öðlast gildi 1. janúar 2026. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.

Skýring við 18. gr.: Miðað er við að reglugerðin taki gildi 1. janúar 2026, sem er jafnframt gildistaka laga nr. 56/2025. Rétt þykir að taka fram í ákvæðinu að jafnhliða falli úr gildi reglugerð nr. 80/2001 þar sem hún hefur ekki lengur lagastoð og er árið 2025 síðasta árið sem framlög eru veitt til sveitarfélaga á grundvelli hennar.